

Fjallskilaseðill í Laxárdal 2020

Hér með tilkynnist að leitir og réttir í fjallskiladeild Laxárdals árið 2020 verða sem hér segir:

1. Leit, á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 19 sept. og 1.rétt 20.sept. kl 12:00. Leit á suðurfjöllum 27 og 28 sept.
2. Leit, á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 3.okt. og 2.rétt sunnudaginn 4.okt. kl.16:00. Leit á suðurfjöllum 5 okt. og 6 okt.
3. Leit skal lokið fyrir 25.október eftir nánari ákvörðun leitarstjóra.

Réttarstjóri er Harald Ó Haralds.

Leitarstjórar eru:

Á norðurfjöllum, Jón Ægisson

Á suðurfjöllum, Harald Ó Haralds.

Á Ljárskógafjalli

1. Leit, Harald Ó Haralds
2. Leit, Bjarni Hermannsson
3. Leit, Fanney Þóra Gísladóttir

Leitarstjórar skulu gæta þess að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum.

Leitarstjórar hver á sínu svæði ásamt leitarmönnum, skulu sjá um að allt ókunnugt fé komi til lögréttar.

Öllum jarðeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst. Verði smölunarskyldu þessari ekki sinnt, getur hreppsnefnd látið smala landið á kostnað eigenda, sbr. 39.gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil og fl. no.6/1986. Vanti leitmenn, er leitarstjóra heimilt að ráða menn á kostnað hlutaðeigenda.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari, ber þeim að greiða með 50% álagi til fjallskilasjóðs og skulu leitarstjórar tilkynna sveitarstjóra um þau.

Þeir fjórir menn sem fara í Bitru að smala vestur á Ljárskógafjall í fyrstu leit, fá það metið sem hálfvildbótardagsverk á Ljárskógafjalli.

Dagsverkið er metið á kr. 25000,-

Í dagsverki eru 40 kindur, hausgjald er kr.145,-per kind til flutninga.

Gjaldddagi fjallskilagjalda er 1.okt. n.k. og eindagi 31.okt.

Fjallskilaneftnd